



Menningar- og ferðamálasvið  
Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri  
Aðalstræti 2  
101 REYKJAVÍK

***Menningarsjóðsins Imagine Peace - Reykjavík***

Á fundi borgarráðs í dag var lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. þ.m., varðandi stofnun Menningarsjóðsins Imagine Peace - Reykjavík.

Borgarráð samþykkti stofnun sjóðsins.

Bókun borgarráðs:

Friður, menning og mannréttindi í anda John Lennon og Yoko Ono er leiðarljós nýs menningarsjóðs, Imagine Peace – Reykjavík sem nú er orðinn að veruleika. Markmið sjóðsins er að styðja við og styrkja menningarverkefni tengd börnum, ungmennum, grænum gildum og hreinni orku og verkefnum sem stuðla að eflingu mannréttinda og friðarstarfs. Það verður vart betra. Borgarráð gleðst yfir þessu samstarfi borgarinnar og Yoko Ono og þakkar þeim sem unnið hafa að Imagine Peace – Reykjavík.

Olafur Kr. Hjörleifsson  
e.u.